

**Kjarasamningur
milli
Rafiðnaðarsambands Íslands
og
Samtaka atvinnulífsins vegna Landsnets hf.**

Kjarasamningur Rafiðnaðarsambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins vegna Landsnets hf. framlengist með svofelldum breytingum:

1. gr.

Hinn 1. febrúar 2014 skulu laun og launataxtar hækka um 2,8%, þó að lágmarki kr. 8.000 á mánuði fyrir dagvinnu miðað við fullt starf. Launataxtar undir kr. 230.000 hækka aukalega um kr. 1.750.

Í stað launabreytinga frá 1. janúar 2014 greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 14.600 m.v. fullt starf, enda hafi starfsmaður starfað í janúar og var enn í starfi 1. febrúar 2014.

2. gr.

Orlofsuppbót sem kom til greiðslu 1. maí 2014, fyrir orlofsárið 01.05.2013-30.04.2014 verður kr. 105.933 miðað við fullt starf.

Desemberuppbót er á árinu 2014 kr. 105.933 miðað við fullt starf.

Hækkun framlags til eftirmenntunarsjóðs um 0,1% kemur til framkvæmda frá 1. júní 2014 að telja.

3. gr.

Um undirbúning og aðgerðir vegna endurnýjunar kjarasamnings þessa fer eftir ákvæðum „aðfararsamnings“ í kjarasamningi SA og aðildarfélagi ASÍ frá 21. desember 2013.

4. gr.

Samningurinn gildir til 28. febrúar 2015 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Reykjavík, 13. júní 2014

F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands

Kristján Þórtó Snóbjörnsson
Gunnar Guðni Gunnarsson
Haukur Svansson

F.h. Samtaka atvinnulífsins f.h.
Landsnets hf.

Ólafur Þórhallur
Ragnheiður Eiríksdóttir
Ólafur Axel Eiríksson

Bókun

Samningsaðilar munu halda áfram viðræðum um þær framlögðu kröfur sem ekki hefur verið tekin afstaða til í samningi þessum. Stefnt er að því að vinnu við endurskoðun slysatrygginga verði lokið eigi síðar en 31. október nk. og verður þá hafin vinna vegna annarra liða.

Auk þeirra launabreytinga sem kveðið er á um í kjarasamningi þessum mun Landsnet hf. greiða fastráðnum starfsmönnum sérstaka eingreiðslu, kr. 100.000 m. orlofi m.v. fullt starf, enda hafi starfsmaður verið í starfi frá gildistöku samnings þessa.

KPS HöS
GSG

GSG 